



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Reykjavík 30. apríl 2021

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stafrænt pósthólf í miðlægrri þjónustugátt stjórnvalda, 625. mál.

Í frumvarpinu er kveðið á um að starfrækja skuli pósthólf í miðlægrri þjónustugátt stjórnvalda. Markmið frumvarpsins er að stuðla að skilvirkri opinberri þjónustu, auka gagnsæi við meðferð mála og hagkvæmni í stjórnsýslu og tryggja örugga leið til að miðla gögnum til einstaklinga og lögaðila. Jafnframt er það markmið frumvarpsins að meginboðleið stjórnvalda við einstaklinga verði stafræn og miðlæg á einum stað.

Í frumvarpinu kemur fram að forsjáraðilar barna skuli hafa aðgang að pósthólfi þeirra fram til þess að þau ná 18 ára aldri nema annað leiði af sérákvæðum í lögum. Þá er í greinargerð frumvarps vísað í dæmaskyni í 25. gr. laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, þar sem kveðið er á um sjálfstæða aðild barna að heilbrigðisþjónustu frá 16 ára aldri.

Ein helsta meginregla Barnasáttmálans, samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr.19/2013, er sú að litið er á börn sem rétthafa, sem njóta sjálfstæðra réttinda, óháð réttindum foreldra eða forsjáraðila. Þá ber aðildarríkjum sáttmálans að tryggja að börn njóti þeirra réttinda sem kveðið er á um í sáttmálanum, án mismununar af nokkru tagi. Einnig ber stjórnvöldum að taka ákvarðanir sem varða börn út frá bestu hagsmunum þeirra, eftir að fram hefur farið mat á áhrifum ákvörðunar hverju sinni á börn.

Með frumvarpinu er verið að leggja til mikilvæga breytingu en við gerð frumvarpsins hefur þó ekki verið hugað sérstaklega að áhrifum þess á börn eins og ákvæði Barnasáttmálans gera ráð fyrir. Samkvæmt 12. gr. sáttmálans ber aðildarríkjum að tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjáltslega í ljós í öllum málum sem það varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska.

Ljóst er að ein meginforsenda þess að börn geti látið mál sem þau varðar til sín taka og komið sjónarmiðum sínum á framfæri, er vitneskja um meðferð máls og niðurstöðu þess. Verði frumvarpið samþykkt eru það eingöngu þau börn sem eiga foreldra sem samþykkja að þau fái rafræn skilríki og veita þeim aðstoð við að afla þeirra, sem munu geta nýtt sér stafræna pósthólfið. Slíkar takmarkanir bitna oft á þeim sem síst skyldi, þ.e. börnum í viðkvæmri stöðu,

sem ekki njóta stuðnings foreldra. Með hliðsjón af því er það mat umboðsmanns barna að fullt tilefni sé til að taka undir þau sjónarmið sem sett voru fram í umsögn Sýslumannafélags Íslands við frumvarpið, þar sem fram kemur að rétt sé að skoða hvort veita eigi börnum, sem náð hafa tilteknum aldri, möguleika á því að taka sjálfstætt við upplýsingum frá opinberum aðilum í gegnum stafrænt pósthólf. Í umsögninni vísar félagið í dönsk lög um stafrænt pósthólf þar sem kveðið er á um sjálfkrafa aðgengi barna að eigin stafrænu pósthólfi við 15 ára aldur. Að mati umboðsmanns barna myndi slík nálgun samræmast meginreglu Barnasáttmálans um stigvaxandi rétt barna, sem felur í sér að börn njóta aukins sjálfsákvörðunarréttar, eftir því sem þau eldast og þroskast. Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna, sem veitir leiðbeiningar um túlkun Barnasáttmálans, hefur áréttað að í málum sem varða stálpuð börn, eigi að byggja á réttindamiðaðri nálgun sem felur í sér viðurkenningu fyrir sjálfræði þeirra og miðar að valdeflingu þeirra og virkri þátttöku í eigin lífi.

Með hliðsjón af öllu framangreindu hvetur umboðsmaður til endurskoðunar á 18 ára aldurstakmarki frumvarpsins þannig að börnum sé gert kleift að gæta eigin hagsmuna og fái tækifæri til þátttöku í mikilvægum málum er varða þau eins og Barnasáttmálinn gerir kröfu um.

Virðingarfyllt,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna